



Fundargerð

Fundur í Mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps miðvikudaginn 4. sept. 2019, kl. 13.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Árný Huld Haraldsdóttir, Ólafía Sigurvinsdóttir og Vilberg Þráinsson. Einnig sátu fundinn Svanborg Guðbjörnsdóttir fyrir hönd kennara, Íris Ósk Sigþórsdóttir fyrir leikskóla, Jóhanna Ösp Einarsdóttir tómstundafulltrúi og Björk Stefánsdóttir fyrir hönd foreldra, auk sveitarstjóra sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

- 1. Fundargerð ungmennaráðs frá 16. ágúst 2019:** Jóhanna Ösp fór yfir fundargerðina. Fundargerðinni vísað til sveitarstjórnar.
- 2. Kynningarbæklingur fyrir vinnuskólann:** Jóhanna Ösp lagði fram drög að kynningarbæklingi fyrir vinnuskólann. Nefndinni líst vel á drögin og leggur til að þau verði fullkláruð.
- 3. Reykhóladagar:** Rætt um Reykhóladaga og lagðar fram hugmyndir um að halda þá sjaldnar og hugsanlegt samstarf við t.d. Hólmavík.
- 4. Frístundabæklingur.** Jóhanna Ösp tómstundafulltrúi fór yfir drög að bæklingi um frístundamál og annað sem tengist félagsmiðstöð fyrir unglinga. Jóhanna Ösp vék af fundi eftir þennan lið.
- 5. Fjárhagsáætlun:** Sveitarstjóri óskar eftir að tillögur og ábendingar frá forstöðumönnum og nefndum berist fyrir næstu mánaðamót vegna endurskoðunar fjárhagsáætlunar þessa árs og undirbúnings fjárhagsáætlunar fyrir næsta ár.

6. Viðmiðunarreglur vegna leikskóladvalar barna utan lögheimilssveitarfélags: Rætt um framangreindar reglur.

Farið yfir fundargerðina og hún undirrituð.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.14.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
